

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**12. (2065). fundur 2023**

Bókun í fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 21. mars 2023.

**6. 2211118 - Tilkynning frá innviðaráðuneyti varðandi breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 10.03.23.**

Í tilkynningunni kemur fram að um er að ræða tillögur um gagngerar breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem birtar eru í samráðsgátt stjórnvalda. Tillögurnar byggja á skýrslu starfshóps um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs. Frestur til að skila umsögn er til 27. mars 2023.

Meðal breytinga er:

Nýtt jöfnunarframlag. Lagt er til að það verði veitt vegna sérstakra áskorana sem skiptist í:

Framlag vegna sérstaks byggðastuðnings.

Framlag til sveitarfélaga með sérstakt höfuðstaðarálag.

Breytingar á framlögum vegna íslensku sem annað tungumál.

Lagt er til að Reykjavíkurborg fá greidd framlög vegna kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál.

Vannýting útsvars dregin frá framlögum.

Starfshópurinn leggur til að nýti sveitarfélag ekki útsvarshlutfall að fullu komi til skerðingar á framlögum úr Jöfnunarsjóði sem nemi vannýttum útsvarstekjum, þ.e. mismuni á útsvari miðað við hámarksálagningu og útsvari miðað við álagningarhlutfall sveitarfélags.

Starfshópurinn leggur til að nýtt líkan jöfnunarframlaga verði innleitt í skrefum á fjögurra ára tímabili til að stuðla megi að fyrirsjáanleika í rekstri sveitarfélaga.

Bæjarráð felur bærarstjóra að gera athugasemdir við tillögur um skerðingu framlaga í þeim tilvikum sem sveitarstjórn nýtir sjálfsákvörðunarrétt sinn til ákvörðunar útsvars í samræmi við heimildir í 1. mgr. 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, sbr. einnig 1. mgr. 24. gr. laganna. Í lögunum kemur skýrt fram að það er á valdi hvernar sveitarstjórnar að ákvarða álagningarhlutfall útsvars innan ákveðinna marka og hefur sú ákvörðun engin áhrif á hlutdeild Jöfnunarsjóðs af útsvarsgreiðslum íbúa viðkomandi sveitarfélags.

Á árinu 2022 var hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvari Garðabæjar um 2,0 ma á sama tíma og sjóðurinn greiddi framlög til Garðabæjar að fjárhæð um 1,4 ma. Garðbæingar greiddu því í sjóðinn um 600 mill.kr. umfram það sem sjóðurinn greiddi sem framlög til Garðabæjar.